



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

7. október 2013
201309122 MÁ

Efni: 44. mál til umsagnar frá atvinnuveganefnd Alþingis

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Umsögn byggðarráðs Dalvíkurbyggðar um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum; þingskjal 106 – 44. mál 142, löggjafarþing 2013.

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar telur mikilvægt að tekið sé tillit til sérstöðu þeirra sveitarfélaga þar sem nýting náttúruauðlinda er stór áhrifavaldur um uppbyggingu atvinnulífs og/eða samfélags.

Það er ljóst að störfum í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, hefur fækkað mikið á undanförunum áratugum og ljóst að ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Fækkun íbúa í sjávarbyggðum hefur því víða orðið mikil þar sem sveitarfélögin hafa ekki haft nauðsynleg tæki til að bregðast við. Hlutdeild í veiðigjaldi væri alvöru aðgerð til að styrkja þau til nauðsynlegara mótvægiáðgerða með því að ýta undir og koma að atvinnusköpun í öðrum greinum, bæði úrvinnslugreinum sjávarfangs og öðrum vaxtargreinum.

Byggðaráð fagnar framkominni tillögu og hvetur til þess að sem fyrst verði mótaðar reglur um hlutdeild sjávarútvegssveitarfélaga í veiðigjöldum.


Virðingarfyllst,
E.h. Byggðarráðs Dalvíkurbyggðar
Margrét Asgeirsdóttir
Ritari og skjalastjóri
Dalvíkurbyggðar